

Fundargerð 13. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu miðvikudaginn 20. maí 2015 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Staða samninga um framlög til byggðaðróunar 2014
2. Hlutfall kjörinna fulltrúa í úthlutunarnefndum
3. Rammi að framvinduskýrslum vegna samninga 2015-2019
4. Starfið framundan
5. Önnur mál

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsdóttir (sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FJR) mætti kl. 14.20, Stefanía Traustadóttir (IRR), Árni Ragnarsson (Byggðastofnun) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var Aðalsteinn Óskarsson (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Ísafirði (frá kl. 14.35).

Fjarverandi: Elvar Knútur Valsson (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Inga Birna Einarsdóttir (VEL), Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR).

Formaður setti fundinn.

Fundargerð 12. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Staða samninga um framlög til byggðaðróunar 2014

Verkefnisstjóri hafði tekið saman minnisblað til stýrihóps um framkvæmd samninga um framlög til byggðaðróunar árið 2014 og gert tillögur að greiðslum til landshlutasamtakanna. Farið var yfir stöðuna í hverjum landshluta fyrir sig.

Rætt var um hvað landshlutasamtökunum hefur gengið misvel að ljúka verkefnum innan samningstímans. Sérstaklega var rætt um stöðuna hjá SSH, en aðeins einu af sex verkefnum þeirra er lokið. Hin fimm verkefni hafa í raun ekki hafist. SSH hefur óskað eftir því að flytja það fjármagn sem ekki hefur verið nýtt yfir í nýjan samning. Ákveðið að bjóða framkvæmdastjóra SSH á næsta fund stýrihópsins til að gera grein fyrir stöðunni.

Rætt var um að taka saman yfirlit yfir sóknaráætlunarverkefni sem unnin hafa verið þar sem fram koma stuttar og aðgenglegar lýsingar á þeim.

Tillögur verkefnisstjóra um greiðslur til landshlutasamtakanna samþykktar. Afgreiðslu á beiðni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frestað og ákveðið að bjóða framkvæmdastjóra á næsta fund stýrihópsins til að fara yfir málið.

2. Hlutfall kjörinna fulltrúa í úthlutunarnefndum

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta 2015-2019 kemur fram að kjörnir fulltrúar sveitarstjórna skulu ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna í úthlutunarnefndum. Fyrir liggur að í a.m.k tveimur landshlutum er þetta hlutfall yfir 40%. Í öðru tilvikinu eru kjörnir fulltrúar 3 af 7 og í hinu eru þeir 4 af 9.

Ákveðið var að aðhafast ekkert að svo stöddu, þrátt fyrir að ákvæði samningsins. Verkefnistjóra falið að kalla eftir upplýsingum um skipan úthlutunarnefnda. Verkefnisstjóra einnig falið að kalla eftir upplýsingum um skipan samráðsvettvanga og samsetningu þeirra.

3. Rammi að framvinduskýrslum vegna samninga 2015-2019

Verkefnisstjóri hafði unnið drög að framvinduskýrslum sem landshlutasamtök sveitarfélaga þurfa að fylla út vegna greiðslubeiðna í tengslum við sóknaráætlunarsamning 2015-2019. Drögin voru send framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna til umsagnar þann 20. apríl. Engar athugasemdir bárust, fyrir utan eina ábendingu frá Austurbrú og hefur verið brugðist við henni.

Um er að ræða tvö skjöl sem landshlutasamtökin þurfa að fylla inn í. Meginskjalið er excel skjal þar sem óskað er ýmissa tölulegra upplýsinga um fjárframlög til samningsins, upplýsingum um hversu háum upphæðum hefur verið ráðstafað með samningum, hve háar upphæðir hafi verið gjaldfærðar og hvaða upphæð landshlutasamtökin óska eftir að fá greidda til sín, byggða á framangreindum upplýsingum og raunhæfri greiðsluáætlun þeirra. Í fylgiskjali með framvinduskýrslu þurfa landshlutasamtökin að fylla út upplýsingar um áhersluverkefni sín.

Stýrihópurinn samþykkir eyðublöðin með lítilsháttar breytingum og tiltekur að fylgiskjal með framvinduskýrslu skuli einungis eiga við áhersluverkefni.

4. Starfið framundan

Frá síðasta fundi stýrihópsins hafa allir landshlutarnir sjö sem hafa uppbyggingarsjóð auglýst eftir umsóknum og er þegar búið að úthluta úr Uppbyggingarsjóði Austurlands. Stýrihópurinn hafði áður staðfest úthlutunarreglur sjóðanna í skriflegu ferli, samanber ákvörðun á síðasta fundi hópsins. Þá mælti ráðherra byggðamála fyrir frumvarpi um byggðaáætlun og sóknaráætlanir á Alþingi þann 30. apríl.

Lítillga var rætt um starfið framundan. Meðal annars var ákveðið að árlegir fundir um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar landshlutans með fulltrúum stýrihópsins og forsvarsmanna hverra landshlutasamtaka fyrir sig verði haldnir í haust. Stefnt verður að því að halda fundina að þessu sinni í hverjum landshluta.

Ákveðið að á næsta fundi stýrihópsins verði gerð grein fyrir stöðu aðgerða í byggðaáætlun og ráðuneytin geti því mátað verkefnið við stöðu hjá sér og samhæft aðgerðir.

5. Önnur mál

a) Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Austurlands

Verkefnisstjóri greindi frá því að hún hefði verið við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Austurlands á Eskifirði 19. maí. Úthlutað var 58 m.kr. til 85 verkefna og voru Austfirðingar þar með fyrstir til að úthluta úr sínum uppbyggingarsjóði. Hún sat einnig ársfund Austurbrúar sem fram fór sama dag.

b) Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 11. júní kl. 10.00-12.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.25.